

**8. fundur starfshóps um skipulag útivistarsvæða í Tungudal og Seljalandsdal
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 22. september
2020 og hófst hann kl. 12:00.**

Fundinn sátu:

Elísabet Samúelsdóttir aðalmaður og Nanný Arna Guðmundsdóttir aðalmaður.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, byggingarfulltrúi, Hlynur Kristinsson, forstöðumaður skíðasvæðis á Ísafirði og Stefanía Helga Ásmundsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Fundargerð ritaði: Stefanía Ásmundsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Dagskrá:

1. Framtíðarskipulag útivistarsvæðis í Skutulsfirði - 2017030089

Lagt fram erindisbréf starfshóps um skipulag útivistarsvæða í Tungudal og Seljalandsdal.

Lagt fram til kynningar.

2. Seljalandsdalur, útilistaverk. Lendingarstaður fyrir geimskip - 2020040007

Elísabet Gunnarsdóttir f.h. ArtsIceland, í samstarfi við stofnun Rögnvaldar Á. Ólafssonar, óskar eftir að fá svæði við gamla skíðaskálann á Seljalandsdal, undir verkið „Lendingarstaður fyrir geimskip“ sem er útilistaverk eftir Björn Dahlem. Fylgigögn eru umsókn dags. 2. apríl 2020 og verkefnalýsing á ensku ódags. Eins er tölvupóstur og bréf frá Björn Dahlem, prófessor í Bauhaus Háskóla, Þýskalandi frá 2. júní 2020.

Skipulags- og mannvirkjanefnd tekur jákvætt í erindið og felur skipulagsfulltrúa ásamt starfshópi um skipulag útivistarsvæða í Tungudal og Seljalandsdal í samstarfi við ArtsIceland að útfæra tillöguna að fullu, og bera þá aftur upp fyrir skipulags- og mannvirkjanefnd.

Lagt fram til kynningar.

Listaverkið hefur ekki áhrif á vinnu nefndarinnar.

Vísað aftur til skipulags- og mannvirkjanefndar.

3. Framtíðarskipulag útivistarsvæðis í Skutulsfirði - 2017030089

Lögð fram fundargerð starfshóps um skipulag útivistarsvæða í Tungudal og Seljalandsdal frá 05.05.2020.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:32

Elísabet Samúelsdóttir

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Axel Rodriguez Överby

Hlynur Kristinsson

Stefanía Helga Ásmundsdóttir